



Faghópur 3

Fundargerð 6. fundar

RHA, Akureyri, 8. maí 2009, kl. 9:00

Mætt: Kjartan Ólafsson, Daði Már Kristófersson, Guðmundur Guðmundsson, Hjalti Jóhannesson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð.

Forföll:

Fundarfrásögn

1. **Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. **Vettvangsferð 7. maí.** Rætt um ferð gærdagsins sem var heimsókn í Kröflustöð, Laxárvirkjun og fund með sveitarstjórn Norður-Þingsá Húsavík. Hópurinn var afar ánægður með ferðina og taldi hana hafa verið afar fróðlega. Mest var rætt um fundinn á Húsavík þar sem kom fram afar einbeitt stefna sveitarstjórnarmannanna sex sem sátu fundinn (kjörnir fulltrúar og embættismenn) að stefna að byggingu álvers á Bakka. Það byggir fyrst og fremst á þeim ásetningi um að nýta beri jarðvarmaorku innan Þingeyjasýsla innan sýslumarka. Einnig á þeirri skoðun að álver sé eina stóra framkvæmdin sem raunhæf sé og hafi muni veruleg jákvæð áhrif á atvinnuástand á svæðinu til framtíðar og stuðli að eflingu byggðar. Athygli vakti hve mikið sveitarfélagið hefur lagt undir að úr verkefninu verði Sveitarstjóri gat þess að Norður-Þing hefði varið um 1 milljarði kr. til verkefnisins. Hópurinn velti m.a. fyrir sér hvort framvindan yrði neikvæð fyrir sveitarfélagið á hvorn veginn sem færi; ef fallið yrði frá byggingu álvers sætu menn eftir sem „sprungnar blöðrur“ en á hinn bóginn komu fram efasemdir um að heimamenn sæju fyrir samfélagslegar breytingar sem hæglega gætu reynst neikvæðar, t.d. væri sveitarfélagið tæpast nógu burðugt til að bera svo stóran vinnustað og ætti of mikið undir einu stóru fyrirtæki. Spurning væri að hve miklu leyti yfirfæra mætti reynslu Austfirðinga til Húsavíkur. Á fundinum bauð sveitarstjóri hópnum aðgang að ýmsum gögnum er málinu tengjast.
3. **Netþjónabú.** Rætt var um aðra möguleika til orkunýtingar og beindist umræðan helst að netþjónabúum sem m.a. eru í deiglu í Húnavatnssýslum (Blönduós). Mikilvægt að hafa í huga að menn byggja ekki virkjun „bara til að virkja“ heldur til að nota orkuna.
4. **Þyngdarafslíkan.** Daði kynnti tilraunaniðurstöður byggða á tilbúnum forsendum til að sýna virkni þyngdarafslíkans sem gæti hugmynd um togsvæði (áhrifasvæði) virkjunarframkvæmda. Fram kom áhugi á að mata líkanið með raungögnum sem liggja fyrir frá Austurlandi. Jóhannes benti á að gera megri ráð fyrir höfuðborgarsvæðið togi alltaf til sín um 15% af vinnunni við framkvæmdir.
5. **Flutningskerfi.** Fram komu hugmyndir um að fá fulltrúa frá Landsneti á fund nefndarinnar um að kynna áform um framþróun flutningskerfisins á næstu árum sem m.a. gefur til kynna hvar er líklegt að orkan geti komist að notum. Hvar er raunhæft að ætla að orkan verði nýtt án

Þess að leggja þurfi út í meiriháttar fjárfestingarkostnað? (Kanna möguleika á fjarfundabúnað.)

Næsti fundur verður haldinn á Akureyri mánudaginn 18. maí kl. 8:30. Stefnt er að því að halda þar næsta fund þann 15. júní í Blönduvirkjun.